# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, efnalögum nr. 61/2013, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 11.000 |
| Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 16.000 |
| Tóbaksleyfisgjald | kr. 15.000 |

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin fjögur ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin fjögur ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin fjögur ár, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald<br>og auglýsingakostnaður ef við á. | eitt og hálft tímagjald |

Ný starfsemi:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald<br>og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks<br>ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | eitt og hálft tímagjald |

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald<br>og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,<br>úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | eitt og hálft tímagjald |

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 15 dögum eftir útgáfudag reiknings.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum greiðist eitt tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og önnur sérstök verkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

Matvælafyrirtæki sem Matvælastofnun hefur framselt eftirlit með til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra samkvæmt samningi, skulu greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, sýnatöku og þjónustuverkefni. Sé raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknarstofu hærri en sem nemur gjaldi heilbrigðiseftirlits fyrir rannsókn skal innheimta raunkostnað að viðbættu umsýslugjaldi.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagar gjalda samkvæmt 2. gr. eru 1. júlí eða 1. desember ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samkvæmt 8. gr. tóbaksvarnalaga nr. 6/2002 með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla laga um matvæli nr. 93/1995 og öðlast gjaldskráin gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 61/2014 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Norðurlands vestra.

*Sauðárkróki, 7. janúar 2015.*

F.h. heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis vestra,

**Sigurjón Þórðarson** framkvæmdastjóri.

# VIÐAUKI A

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Upphæð kr. |
|---|---|---|---|
| 01.24.01.1 | Alifuglarækt | 1 | 35.750 |
| 52.25.0.0 | Áfengisverslun | 0,5 | 22.000 |
| 90.00.0.9 | Áhaldahús sveitarfélagsins | 0,5 | 27.500 |
| 15.81.0.2 | Bakarí, lítið | 1 | 51.750 |
| 15.81.0.3 | Bakarí, miðlungs | 2 | 87.500 |
| 15.81.0.4 | Bakarí, stórt | 2 | 93.500 |
| 50.20.0.1 | Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn) | 0,5 | 16.500 |
| 50.20.0.2 | Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 1 | 27.500 |
| 50.20.0.3 | Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 1 | 44.000 |
| 50.20.0.7 | Bifreiðasprautun | 0,5 | 19.250 |
| 71.10.0.1 | Bílaleiga | 0,25 | 9.625 |
| 15.96.0.0 | Bjórgerð | 1 | 49.500 |
| 15.96.0.1 | Bjórgerð lítil - ekki samfelld starfsemi | 0,5 | 19.250 |
| 28.52.0.1 | Blikksmíði | 0,5 | 19.250 |
| 50.20.0.10 | Bón- og bílaþvottur, handvirkur | 0,25 | 6.875 |
| 15.81.0.0 | Brauðgerð, kleinur o.fl. | 0,5 | 13.750 |
| 55.23.0.2 | Bændagisting, og önnur ótalin gisting án veitingasölu | 1 | 44.000 |
| 55.23.0.1 | Bændagisting, og önnur ótalin gisting með veitingasölu | 1 | 55.000 |
| 85.32.1.1 | Dagmömmur með > 6 börn | 0,25 | 6.875 |
| 85.11.4.1 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil | 1 | 60.500 |
| 85.11.4.3 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi | 1 | 93.500 |
| 92.53.0.1 | Dýragarður | 0,5 | 15.125 |
| 93.01.0.2 | Efnalaugar | 0,5 | 16.500 |
| 50.50.0.0 | Eldsneytisstöðvar, | 1 | 38.500 |
| 50.50.0.1 | Eldsneytisstöðvar, sjálfvirkar | 0,5 | 17.875 |
| 37.20.0.1 | Endurnýting úrgangs | 1 | 44.000 |
| 75.23.0.1 | Fangaklefar | 1 | 30.250 |
| 85.32.6.2 | Félagsheimili með eldhúsi | 1 | 54.500 |
| 85.32.6.1 | Félagsheimili með eldhúsi, lítil | 0,5 | 16.500 |
| 52.23.0.4 | Fiskbúðir án vinnslu, litlar | 1 | 43.500 |
| 05.02.1.1 | Fiskeldi lítið | 0,5 | 22.000 |
| 05.02.1.3 | Fiskeldisstöðvar | 1 | 44.000 |
| 15.20.7.1 | Fiskimjölsverksmiðja < 20 tonn á sólarhring | 1 | 44.000 |
| 55.21.0.1 | Fjallaskálar, minni | 0,25 | 6.875 |
| 63.23.0.2 | Flugvellir | 0,5 | 20.625 |
| 26.61.0.0 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 1 | 44.000 |
| 15.71.1.0 | Framleiðsla á dýrafóðri | 1 | 41.250 |
| 15.20.7.0 | Framleiðsla á kítín og kítósan | 1 | 93.500 |
| 15.61.0 | Framleiðsla á kornvörum og pökkun | 1 | 44.000 |
| 25.22.0.0 | Framleiðsla á umbúðaplasti og efnum sem koma í snertingu við matvæli | 1 | 33.000 |
| 25.22.0.1 | Framleiðsla á umbúðum og efnum sem koma í snertingu við matvæli, lítil | 0,5 | 16.500 |
| 26.13.0 | Framleiðsla glerílata | 0,5 | 19.250 |
| 15.71.1.1 | Framleiðsla gæludýrafóðurs lítil | 0,2 | 5.500 |
| 26.63.0.1 | Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu lítil | 0,5 | 16.500 |
| 15.89.00 | Framleiðsla annarra matvæla | 1 | 46.750 |
| 80.22.0.0 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn og verknám/heimavist | 1 | 66.000 |
| 80.21.0.2 | Fræðslustarfsemi með mötuneyti, lítil | 1 | 55.000 |

| ÍSAT-<br>númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Upphæð<br>kr. |
|---|---|---|---|
| 80.21.0.3 | Fræðslustarfsemi með mötuneyti, stór | 1 | 77.000 |
| 80.21.0.1 | Fræðslustarfsemi/skólar, án mötuneytis | 1 | 33.000 |
| 24.20.0.1 | Garðaúðun | 0,25 | 9.625 |
| 90.00.0.4 | Gámastöð – stærri flokkun | 1 | 44.000 |
| 90.00.0.41 | Gámavöllur, móttaka úrgangs, lítill | 0,5 | 22.000 |
| 55.12.0.1 | Gistiskálar og gistiheimili án veitingasölu, lítil (heimagisting) | 0,5 | 16.500 |
| 55.12.0.2 | Gististaðir án veitingasölu, stórir | 1 | 27.500 |
| 14.21.0.0 | Grjót-, malar- og sandnám | 1 | 41.250 |
| 25.13.0.1 | Gúmmívinnsla | 0,33 | 9.075 |
| 85.32.2.3 | Gæsluvellir | 0,25 | 6.875 |
| 93.02.0.0 | Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 0,5 | 20.625 |
| 93.02.0.1 | Hárgreiðslustofur | 0,5 | 16.500 |
| 85.11.1.3 | Heilbrigðisstofnun, með fullbúnu eldhúsi | 2 | 148.000 |
| 51.44.2.0 | Heildverslun með hreingerningarefni | 0,5 | 16.500 |
| 51.31.0.1 | Heildverslun með matvæli, hreingerningaefni o.fl., lítil | 0,5 | 13.750 |
| 85.12.1.1 | Heilsugæslustöðvar, litlar | 1 | 27.500 |
| 92.62.0.1 | Hestaleigur og reiðskólar | 0,5 | 8.875 |
| 80.10.0.5 | Hestamiðstöð | 0,5 | 13.750 |
| 50.20.0.15 | Hjólbarðaverkstæði | 0,5 | 13.750 |
| 55.11.0.3 | Hótel og gististaðir með veitingasölu | 1 | 109.500 |
| 55.11.0.2 | Hótel og gististaðir með veitingasölu, lítil | 1 | 79.250 |
| 85.14.94 | Húðflúrstofa | 0,5 | 16.500 |
| 92.61.0.4 | Íþróttahús, lítil | 1 | 27.500 |
| 92.61.0.5 | Íþróttahús, miðlungs | 1 | 38.500 |
| 92.61.0.6 | Íþróttahús, stór | 1 | 44.000 |
| 92.61.0.8 | Íþróttamiðstöðvar með sundlaug | 2 | 104.500 |
| 92.61.0.7 | Íþróttavellir | 0,5 | 19.250 |
| 37.20.0.2 | Jarðboranir | 1 | 41.250 |
| 55.40.0.3 | Kaffisala (kaffi og kökur) - sumaropið | 0,5 | 13.750 |
| 91.31.1.1 | Kirkjur | 0,25 | 6.875 |
| 15.13.0.5 | Kjötvinnsla miðlungs með reykingu - mengun | 1 | 67.750 |
| 15.13.0.1 | Kjötvinnsla, lítil | 1 | 46.250 |
| 55.40.0.2 | Krár, kaffihús án matsölu | 1 | 35.750 |
| 55.40.0.1 | Krár, kaffihús með matsölu | 1 | 104.000 |
| 15.87.0.1 | Krydd- og bragðefnavinnsla, lítil | 1 | 51.750 |
| 15.87.0.2 | Krydd- og bragðefnavinnsla, miðlungs | 2 | 71.500 |
| 15.87.0.3 | Krydd- og bragðefnavinnsla, stór | 2 | 93.500 |
| 15.20.8.0 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta | 1 | 60.000 |
| 15.20.8.1 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil | 1 | 43.500 |
| 19.10.0.1 | Leðurvinnsla | 0,5 | 27.500 |
| 85.32.2.2 | Leikskólar með eldhúsi | 1 | 60.500 |
| 85.32.2.1 | Leikskólar með móttökueldhúsi | 1 | 44.000 |
| 26.21.0.1 | Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 $m^3$ | 0,5 | 19.250 |
| 93.04.0.1 | Líkamsræktarstöðvar, litlar | 1 | 33.000 |
| 01.25.2.0 | Loðdýrabú, lítið | 0,5 | 17.875 |
| 01.25.2.1 | Loðdýrabú, stórt | 1 | 41.250 |
| 55.30.1.1 | Matsölustaðir, litlir | 1 | 79.250 |
| 55.30.1.2 | Matsölustaðir, miðlungs | 1 | 98.500 |
| 55.30.1.3 | Matsölustaðir, stórir | 1 | 109.500 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Upphæð kr. |
|---|---|---|---|
| 52.11.2.4 | Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 1 | 55.000 |
| 52.11.2.5 | Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 2 | 82.500 |
| 52.11.2.6 | Matvöruverslun án vinnslu, stór | 3 | 132.000 |
| 52.11.2.1 | Matvöruverslun með vinnslu | 2 | 109.500 |
| 52.11.2.3 | Matvöruverslun með vinnslu, stór | 2 | 153.000 |
| 20.30.9.5 | Málningaraðstaða | 0,25 | 6.875 |
| 85.31.1.0 | Meðferðarheimili fyrir börn og unglinga | 1 | 41.250 |
| 15.61.0.2 | Meðhöndlun og framleiðsla á kornvörum | 1 | 35.750 |
| 20.20.0.1 | Meindýravarnir | 0,25 | 11.200 |
| 15.51.0.1 | Mjólkurbú | 2 | 82.000 |
| 15.51.0.0 | Mjólkurbú og ostagerð | 2 | 121.000 |
| 51.57.02 | Móttaka brotamálms | 1 | 38.500 |
| 51.57.03 | Móttaka úrgangs til endurvinnslu | 1 | 46.750 |
| 55.51.0.1 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið | 1 | 60.000 |
| 55.51.0.2 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs | 2 | 76.500 |
| 55.51.0.3 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt | 2 | 104.000 |
| 51.57.01 | Niðurrif bifreiða | 1 | 33.000 |
| 43.11.00 | Niðurrif bygginga og undirbúningur byggingasvæðis | 1 | 35.750 |
| 93.04.0.9 | Nuddstofur | 0,5 | 13.750 |
| 26.82.9.1 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 1 | 41.250 |
| 26.82.9.2 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu | 1 | 55.000 |
| 15.51.0.2 | Ostagerð | 2 | 55.000 |
| 15.51.0.3 | Ostagerð lítil ekki samfelld starfsemi | 0,5 | 19.250 |
| 25.21.0.1 | Plastiðnaður, stór | 1 | 44.000 |
| 25.20.00 | Plastvöruframleiðsla | 0,5 | 30.250 |
| 22.22.9.1 | Prentiðnaður, lítill | 0,33 | 9.075 |
| 22.22.9.2 | Prentiðnaður, miðlungs | 0,5 | 30.250 |
| 22.22.9.3 | Prentiðnaður, stór | 1 | 46.750 |
| 31.62.0.1 | Rafvélaverkstæði | 0,25 | 8.250 |
| 80.10.0.6 | Reiðhöll - sýningarstarfsemi | 1 | 38.500 |
| 92.13 | Rekstur kvikmyndahúsa | 0,5 | 17.875 |
| 55.52.0.1 | Sala á tilbúnum mat, lítil | 1 | 43.500 |
| 52.49.9.4 | Sala eiturefna og hættulegra efna | 1 | 27.500 |
| 15.33.0.2 | Salatgerð | 2 | 104.000 |
| 85.31.4.0 | Sambýli með heimiliseldhúsi | 0,5 | 20.625 |
| 15.33.0.4 | Samlokugerð, lítil | 0,5 | 35.250 |
| 24.51.31.780 | Sápu- og kremframleiðsla | 0,25 | 7.563 |
| 85.14.1.1 | Sjúkraþjálfun | 0,5 | 13.750 |
| 55.30.2.1 | Skemmtistaðir án matsölu | 1 | 52.250 |
| 55.30.2.0 | Skemmtistaðir með matsölu | 1 | 82.500 |
| 92.72.0.1 | Skotvellir | 0,25 | 6.875 |
| 85.32.3 | Skóladagheimili | 1 | 44.000 |
| 90.00.0.3 | Skólphreinsistöðvar | 1 | 27.500 |
| 26.12.0.0 | Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 0,25 | 6.188 |
| 55.30.1.4 | Skyndibitastaðir, litlir | 1 | 54.500 |
| 15.11.0.2 | Sláturhús, lítil | 1 | 41.250 |
| 15.11.0.1 | Sláturhús, miðlungs | 1 | 57.250 |
| 15.11.0.0 | Sláturhús, stór | 2 | 98.500 |
| 93.02.0.2 | Snyrtistofur | 0,5 | 16.500 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Upphæð kr. |
|---|---|---|---|
| 90.00.0.7 | Sorpflutningar og sorphirða | 1 | 55.000 |
| 93.04.0.7 | Sólbaðsstofur | 1 | 27.500 |
| 40.10.0.1 | Spennistöðvar - aðveitustöðvar | 0,5 | 16.500 |
| 93.21.0.0 | Starfsemi skemmti- og þemagarða | 1 | 27.500 |
| 55.14.0.1 | Starfsmannabúðir < 16 manns | 1 | 44.000 |
| 55.14.0.2 | Starfsmannabúðir 17-50 manns | 1 | 49.500 |
| 14.21.0.1 | Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum | 1 | 41.250 |
| 15.33.0.1 | Sultu- og ávaxtagrautargerð | 2 | 93.000 |
| 80.10.0.4 | Sumarbúðir | 1 | 41.250 |
| 92.61.0.1 | Sundstaðir, litlir | 1 | 54.500 |
| 92.61.0.2 | Sundstaðir, miðlungs | 1 | 87.000 |
| 01.23.0.2 | Svínarækt > 2.000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 2 | 136.400 |
| 01.23.0.1 | Svínarækt < 2.000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 1 | 35.750 |
| 85.33.6.3 | Söfn | 0,5 | 13.750 |
| 52.11.3.1 | Söluturnar án óvarinna matvæla | 0,5 | 13.750 |
| 52.11.3.2 | Söluturnar með óvarin matvæli | 1 | 30.250 |
| 85.13.1.1 | Tannlæknastofur | 0,5 | 16.500 |
| 55.22.0.1 | Tjaldstæði | 0,5 | 16.500 |
| 55.22.0.2 | Tjaldstæði, orlofshúsasvæði með smáhýsum | 1 | 44.000 |
| 80.42.2.0 | Tónlistarskólar | 0,25 | 8.250 |
| 20.30.9.4 | Trésmíðaaðstaða | 0,5 | 13.750 |
| 20.30.9.2 | Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 0,5 | 30.250 |
| 20.30.9.3 | Trésmíðaverkstæði lítið (1-2 starfsmenn) | 0,5 | 13.750 |
| 20.30.9.1 | Trésmíðaverkstæði með lökkun | 0,5 | 41.250 |
| 17.10.0.1 | Ullarþvottastöð | 2 | 143.000 |
| 80.10.0.7 | Útihátíð | 1 | 43.500 |
| 41.00.0.5 | Vatnsveitur, 2.000-5.000 íbúar | 5 | 487.500 |
| 41.00.0.6 | Vatnsveitur, 500-2.000 íbúar | 2 | 119.000 |
| 41.00.0.8 | Vatnsveitur einka m/matvælavinnslu | 0,5 | 19.250 |
| 41.00.0.7 | Vatnsveitur færri íbúar en 500 | 1 | 43.500 |
| 55.30.1.7 | Veitingavagnar | 0,25 | 9.625 |
| 50.20.0.14 | Verkstæði fyrirtækja | 0,5 | 17.875 |
| 29.11.0.0 | Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 1 | 33.000 |
| 50.20.0.13 | Viðgerðaraðstaða | 0,25 | 9.625 |
| 15.20.6.1 | Vinnsla á fiski, lítil | 0,5 | 29.750 |
| 15.20.6.2 | Vinnsla á fiski, miðlungs | 1 | 54.500 |
| 15.20.6.3 | Vinnsla á fiski, stór | 1 | 87.500 |
| 15.31.0.0 | Vinnsla og pökkun á grænmeti | 0,33 | 9.075 |
| 40.10.0.3 | Virkjanir, 10-50 MW | 0,5 | 60.500 |
| 40.10.0.2 | Virkjanir, 2-10 MW | 0,5 | 46.750 |
| 40.10.0.4 | Virkjanir, stærri en 50 MW | 1 | 132.000 |
| 85.11.4.4 | Vistheimili | 0,25 | 6.875 |
| 63.21.0.1 | Vöruflutningamiðstöðvar | 1 | 30.250 |
| 63.21.0.0 | Vöruflutningamiðstöðvar, litlar | 0,5 | 13.750 |
| 93.01.0.0 | Þvottahús og efnalaugar | 0,5 | 16.500 |